

354. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 3. desember 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) **Tjaldstæði Snæfellsbæjar.**
Patrick Roloff umsjónarmaður tjaldsvæða Snæfellsbæjar mætti á fundinn og var boðinn velkominn. Farið var yfir starfsemina og aðsóknina á tjaldsvæðunum sumarið 2024.
- 2) **Umsókn frá Eyglóu A Þorkeldsdóttur um að halda hundinn Perlu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 3) **Bréf frá Isavia, dags. 20. nóvember 2024, varðandi flugbraut á Rífi.**
Áður en Snæfellsbær tekur afstöðu til erindisins vill bæjarráð óska eftir fjarfundi með yfirmönnum Isavia, Landhelgisgæslunni og formanni almannavarna/lögreglustjóra á Vesturlandi, til að ræða kosti og galla þess að loka annarri flugbrautinni á flugvellinum á Rífi.
- 4) **Bréf frá Kennarasambandi Íslands, dags. 22. nóvember 2024, varðandi verkfallsboðun í Leikskóla Snæfellsbæjar.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. október 2024, varðandi afskriftir.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að afskrifa framlagðar kröfur nr. 202403251550498 og 202403251629005. Sjá nánar í trúnaðarmálabók.
- 6) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025.**
Farið var yfir tillögur að gjaldskrá, áætlaðar styrkveitingar og fjárfestingar fyrir árið 2025. Bæjarráð staðfesti framlagðar tillögur og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bærarstjórn.
Farið var yfir breytingar sem bærarfulltrúar óskuðu eftir frá fyrri umræðu um fjárhagsáætlun. Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2025 til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 7) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árin 2026-2028, til seinni umræðu í bærarstjórn.
- 8) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri sagði frá fyrirspurnum sem hafa borist vegna tjaldsvæðanna fyrir ágúst 2026 vegna sólmyrkvans.
 - b) Bærarstjóri fór yfir það að boðuðu verkfalli á leikskóla Snæfellsbæjar sem átti að hefjast 10. desember hefur verið frestað.
 - c) Bærarstjóri fór yfir framkvæmdir við anddyrið á Jaðri og við leikskólann í Ólafsvík.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:03


Jónína Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lílja Ólafardóttir, bæjarritari